

Samstarfssamningur

Skátafélagið Vífill, kt. 530576-0439 og Garðabær, kt. 570169-6109 gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um framkvæmd skátastarfs á félagssavæði Vífils í Garðabæ.

1. gr.

Skátafélagið Vífill er sjálfstætt félag og starfar samkvæmt eigin lögum ásamt lögum og markmiðum Bandalags íslenskra skáta. Hlutverk félagsins er m.a. að efla og þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Með þessum samningi vill Garðabær styðja það starf og efla.

2. gr.

Garðabær greiðir Skátafélaginu Vífli eftirfarandi styrki árlega á samningstímanum:

Rekstrarstyrkur	kr. 5.600.000
Vegna útilífs og sumarnámskeiða	kr. 2.500.000
Beinn kostnaður af sumardegnum fyrsta	kr. 800.000
Umsjón með 17. júní hátíðarhöldum	kr. 4.000.000
Þjálfunarnámskeið fyrir foringja	kr. 1.500.000

Greiðslur skulu inntar af hendi í samráði við fjármálastjóra Garðabæjar og samþykktar af íþróttafulltrúa. Vífill þarf að sækja um niðurfellingu fasteignagjalda á hverju ári fyrir sig.

3. gr.

Aðalstjórn félagsins ber alfarið ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Aðalstjórn ber einnig ábyrgð á að halda aðalfund í félaginu samkvæmt lögum þess.

4. gr.

Garðabær gerir þær kröfur að leiðbeinendur séu með tilskilda þekkingu eða menntun. Leiðbeinendur þurfa að undirrita samning við skátafélagið um að vera til fyrirmyndar í stundvísi, framkomu og annan hátt er að starfseminni lýtur. Allir sem koma að starfi með æskufólki á vegum félagsins þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.

5. gr.

Skátafélagið Vífill skal árlega leggja fram áritaða reikninga félagsins ásamt starfsskýrslu síðasta árs. Félagið skal leggja fram áætlun um helstu verkefni og áherslur félagsins í barna- og unglingastarfi á tímabilinu. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

6. gr.

Skátafélagið Vífill einsetur sér í starfi sínu að uppfylla öll gæðaviðmið Bandalags Íslenskra skáta. Samvinna skal vera á milli Vífils og íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar um stefnumörkun í skátastarfinu þar sem m.a. verði komið inn á áherslur og markmið beggja aðila t.d. varðandi hugsanlega þátttöku Vífils í samfelldum skóladegi barna og unglinga. Aðilar skulu sameiginlega taka afstöðu til árangurs af starfsemi félagsins.

7. gr.

Samskipti samningsaðila um framkvæmd þessa samnings skulu fara fram á milli íþróttafulltrúa Garðabæjar og félagsforingja Vífils.

8. gr.

Samningur þessi gildir til ársloka 2018 en er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara. Endurskoðun samningsins skal fara fram við undirbúning fjárhagsáætlunar ár hvert.

Garðabæ, 22. apríl 2017

F.h. Garðabæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarráðs

F.h. Skátafélagsins Vífils:

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri

Hafdís Bára Kristmundsdóttir,
félagsforingi